

Helena Stefánsdóttir

Frá: Ólöf Harðardóttir <olof@uua.is>
Sent: 18. desember 2018 11:17
Til: USK Skipulag
Afrit: Harri Ormarsson; Erna Hrönn Geirsdóttir; Björgvin Rafn Sigurðarson
Efni: Tilkynning um stjórnslukæru 144/2018
Viðhengi: 17.12.2018 - EPSON231.PDF - (Ó.H.).PDF

Góðan dag

Efni. Tilkynning um kæru.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 15. desember 2018 ásamt fylgiskjölum, þar sem kærð er ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur um breytingu á deiliskipulagi á reit 1.171.2, á lóð við Hallveigarstíg 1, Reykjavík.

Frestur til að gera athugasemdir vegna kærunnar er 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 561 5111
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður
Please consider the environment before printing

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Kópavogi 15. desember 2018

Efni: Kæra á staðfestingu borgarráðs Reykjavíkur á breytingu á deiliskipulagi á reit nr. 1.171.2 vegna Hallveigarstíg 1 101 Reykjavík.

Umbjóðendur mínir, Kærleiksboðberanir, kt. 530197-2639, Ingólfsstræti 12, 101 Reykjavík, (regla heilagrar Teresu af Kalkúttu), hafa falið mér að koma fram fyrir þeirra hönd og gæta hagsmuna þeirra vegna staðfestingar borgarráðs Reykjavíkur, dags. 23. ágúst 2018, um breytingu á deiliskipulagi á reit 1.171.2, sem felst í því að leyfa einkahlutafélaginu Paras ehf., kt. 550513-0560, Súlunesi 14, 210 Garðabæ, að grafa út fyrir svæði á norðurhlið byggingarinnar að Hallveigastíg 1, 101 Reykjavík, sem verður með sama gólfkóta og kjallari hússins. Með það fyrir augum að búa til útsvæði fyrir veitingaaðstöðu og aðgengi að utan inná veitingastað í kjallara hússins. Umbjóðendur mínir eru eigendur fasteignarinnar Ingólfsstræti 12, 101 Reykjavík.

Kröfugerð:

Aðallega að samþykkt skipulags og samgönguráðs Reykjavíkurborgar um breytingu á deiliskipulagi á reit 1.171.2 til að leyfa útveitingastað við Hallveigarstíg 1 og breytt aðgengi sem staðfest var í borgarráði 23. ágúst 2018 verði **felld úr gildi**.

Til vara að samþykktin verði ómerkt og lagt fyrir skipulags og samgönguráð að **taka umsóknina til afgangslausu á nýjan leik**.

Málsástæður, málavextir og málsatvik að öðru leyti.

Í tilviki umbjóðenda minna háttar svo til að systrahús þeirra er að Ingólfsstræti 12, beint fyrir fram væntanlegar breytingar á Hallveigastíg 1, 101 Reykjavík. Í systrahúsinu er rekin viðamikil starfsemi, trúfræðsla, barna og ungmenna starf, auk þess sem rekið er aðstaða fyrir fátæka og heimilislausa í formi eldhúss. Í systrahúsinu að Ingólfsstræti 12, er einnig að finna kapelu til kyrrðar, íhugunar og bænna, ásamt því sem samfélag systranna býr í umræddri fasteign.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti nýlega deiliskipulagsbreytingu á reit sem afmarkast af Skólavörðustíg, Bankastræti, Ingólfsstræti, Hallveigarstíg og Bergstaðastræti um að leyfa útveitingastað norðan við Hallveigarstíg 1. Þarna í kring er þétt íbúabyggð og þegar nágrannarnir fengu veður af þessari breytingartillögu fóru 20 þeirra fram á að hún yrði grenndarkynnt á öllum reitnum því slík starfsemi hefði óhjákvæmilega mikil áhrif á nærumhverfið en nágrannarnir hafa mikla reynslu af útveitingastöðum og því ónæði og ágangi sem þeim getur fylgt. Þeirri beiðni var ekki einusinni svarað. Hátt á þriðja tug athugasemda bárust úr nánast öllum húsum í nágrenninu en allt kom fyrir ekki, deiliskipulagsbreytingin var samþykkt þó engin knýjandi nauðsyn sé á því að koma upp enn einum veitingastaðnum.

Í huga umbjóðanda minna er ljóst að þessi breyting mun hafa veruleg áhrif á starf þeirra þar sem fasteignin Ingólfsstræti 12, 101 Reykjavík, er helguð trúarlegri starfsemi og þangað leitar folk í mjög

viðkvæmu ástandi, og er því ekki við að bæta að beint á móti verði opnaður enn einn skemmtistaður, sem ætla megi að muni hafa leyfi fram yfir miðnætti um helgar, auk þess sem veruleg hljóðmengun og annað sem slíkri starfsemi tilheyrir muni aukast yfir sumarmánuði og þegar veður er gott. Þá er ljóst að með þessu verður barátta um bílastæði enn verri en verið hefur, en í starfi umbjóðanda minna háttar svo til að til þeirra leitar folk víða að, og sem m.a. kemur á bílum til þeirra.

Þegar og horft er til þeirrar staðreyndar að fjöldi og þéttleiki veitingastaða á reitnum og í götunum sem afmarka hann er orðinn svo mikill að hann er orðin ráðandi starfsemi en veitingastaðirnir eru 18 alls (sjá meðfylgjandi lista). Það er í kringum 50% af öllum verslunarrýmum í viðkomandi götum og brýtur það í bága við aðalskipulag sem segir að 70% starfsemi í Bankastræti og neðri hluta Skólavörðustígs eigi að vera smásöluverslun en í hinum götunum sem afmarka reitinn má sama starfsemi ekki fara yfir 50%. Ef litið er til starfsemi á reitnum má ljóst vera að hann er nú þegar mettaður hvað veitingastaði áhrærir. Mikið ónæði og sóðaskapur fylgir veitingastöðunum á reitnum til ama fyrir íbúa og á það einkum við um næturklúbba og skyndibitastaði sem opnir eru fram undir morgun.

Þessi mikla fjölgun veitingastaða hefur öll orðið á rúmum tveim áratugum en fyrir aldamót voru tveir veitingastaðir á reitnum, kaffihúsin Mokka og Prikid. Vegna þessarar stjórnlausu fjölgunar hafa íbúar flúið og öll þjónusta orðið einsleitari. Þetta er því miður vandi sem hefur komið upp í mörgum evrópskum borgum á undanförunum áratugum þegar grónum íbúahverfum hefur verið breytt í gleði og næturlífssvæði. Evrópuþómstóllinn hefur fjallað um slík mál og dæmt íbúum skaðabætur vegna skertra lífsgæða (Moreno Gomez gegn Spáni - Application no. 4143/02). Þar sem dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að um brot gegn 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) er fjallar m.a. um friðhelgi einkaheimila, á þeim grundvelli að stjórnvöld hafi ekki tryggt kærendum þær jákvæðu skyldur að tryggja réttindi kæranda er lýtur að heimili kæranda og einkalífs hans. Á þeim grundvelli voru dæmdar skaðabætur. Í umræddum dómi kemur m.a. fram það sjónarmið dómstólsins að 8. gr. MSE á að tryggja rétt einstaklingsins og virða einkalíf hans of fjölskyldu, heimili og umhverfi kringum heimilið. Einstaklingurinn á skýlausan rétt á að heimili hans sé virt, ekki bara heimilið sjálft, heldur einnig að einstaklingurinn þurfi ekki að vera með viðvarandi hávaða og aðra hljóðmengun á heimili sínu. Með lögum nr. 62/1994, var MSE veitt fullt lagagildi hér á landi. Þó að úrlausnir mannréttindadómstóls Evrópu séu ekki bindandi að íslenskum landsrétti, þá er ljóst að niðurstöður hans, fordæmi og dóma hans hafa þýðingu við túlkun MSE, og hafa þannig í raun óbeint áhrif hér á landi. Ljóst er að verði þetta mál kært til mannréttindadómstóls Evrópu þá muni dómstóllinn líta til þessa máls, er gæti leitt til skaðabótaskyldu borgarráðs Reykjavíkur, gagnvart íbúum á svæðinu.

Hér er og rétt að geta þess að egar reykingabannið tók gildi færðist næturlífið að hluta út á göturnar og margir veitingastaðir útbjuggu aðstöðu fyrir gestina utandyra. Það er reynsla íbúa miðbæjarins að mikið ónæði er af þeim stöðum sem hafa slíka útiaðstöðu og veitingamenn reyna ekki að hafa hemil á gestum sínum utan dyra og mannsöfnuður og háreysti er fyrir utan staðina langt fram yfir leyfilegan opnunartíma.

Hallveigarstígur 1 er í miðju íbúahverfi, hann mun taka 500 manns og reynsla nágretta af því skemmtanahaldi sem hefur hingað til verið þar í veislusölum er ekki góð. Með útiveitingaaðstöðu og breyttum inngangi verður mun fleira fólk utandyra að kvöldi og nóttu til með háreysti og ónæði sem fylgir druknu fólki. Fyrirhuguð útiaðstaða snýr í norður en þaðan blása kaldir vindar og þar skín aldrei sól og því getur þessi aðstaða aldrei nýst til huggulegrar setu á góðviðrisdögum heldur mun þessi aðstaða beina umferð gesta norður fyrir húsið auk þess sem hluti veitingastarfsemi mun færast út á götu með reykjandi og drekkandi gestum.

Tilgangur með deiliskipulagi er ekki síst sá að þeir sem á deiliskipulagsreit búa og starfa viti hvert er stefnt og hvað má gera. Þeim sem hafa búið meira en tvo áratugi á reit 1.171.2 hefði aldrei rennt í grun hvílíkar breytingar voru í vændum en skipulagsyfirvöld í Reykjavík hafa lagt að jöfnu eðlilega miðborgarverslun og þjónustu og rekstur kráa og næturklúbba með hörmulegum afleiðingum fyrir þá sem á reitnum búa en þeir eru ofurseldir hávaða frá drukknu fólki, sóðaskap, eiturlyfjasölu og neyslu og óttast um öryggi sitt vegna stjórnleysis næturgestanna. Það er mál að linni og hafin verði endurheimt miðborgarinnar sem íbúahverfis.

Í augum umbjóðenda minna er ljóst að samþykkt borgarráðs Reykjavíkur frá 23.ágúst 2018, um deiliskipulagsbreytingu á reit 1.171.2 Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, er röng, þar sem það hefði átt að grendarkynna breytingu á öllum reitnum sem afmarkast af Skólavörðustíg, Bankastræti, Ingólfsstræti, Hallveigarstíg og Bergstaðastræti, en það var ekki gert í fyrirbyggjandi tilfelli, þar sem um verulega breytingu á fyrirbyggjandi deiliskipulagi er að ræða, og þeirri starfsemi sem leyfð er. Hefði því átt að grendarkynna þessa breytingu á öllu fyrrnefnda svæðinu m.a. á grundvelli 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Þá er ljóst að þessi breyting mun hafa skerðingu í för með sér fyrir umbjóðendur mínar, þar sem í systrahúsi þeirra að Ingólfsstræti 1, sem er beint á móti fyrirhuguðum breytingum, er m.a. að finna kapelu og þar fer fram íhugunarstarfsemi, kyrrðarstundir, bænahringir ásamt því sem til þeirra leitar folk í misjafnlega góðu ástandi. Að hafa gínandi útveitingastað með tilheyrandi röskun að aðkomu, þ.m.t. bílastæði, og hljóð og sjónmengunar, getur haft afdrifaríkar afleiðingar í för með sér fyrir þá einstaklinga sem koma til fundar við systurnar. Í huga umbjóðenda minna sem hafa átt fasteignina Ingólfsstræti 12, frá árinu 2010, þá er verið að skerða og takmarka friðhelgi þess helgistarfs sem er stundað í fasteigninni. Opin veitingaaðstaða beint á móti við inngang að fasteign þeirra, með tilheyrandi smættun veitingahúsagesta gagnvart skjólstaðingum umbjóðanda minna á ekki heima á þessum stað. Þá er ljóst að líkur eru á að veitingaleyfi verði gefið út fyrir veitingum langt fram yfir miðnætti um helgar auk þess sem kraumandi hljóðónæði mun eiga sér stað á góðum vor og sumardögum, þegar folk sest niður með ölkrúsir og því sem tilheyrir, háreysti, tóbaksmengun á miðjum dögum um helgar.

Með von um að tekið verði tillit til þess mikilvæga starfs þjóðinni og landinu öllu til heilla að Ingólfsstræti 12, 101 Reykjavík.

Virðingarfyllst,
f.h. Kærleiksboðberana
Í kærleika Krists



Ólafur Kristinsson, LL.M/lögmaður.

Meðfylgjandi;

Útskrift úr gerðabók skipulags og samgönguráðs
Listi yfir veitingastaði
Case of Moreno Gomez vs. Spain
Leiðbeiningablað 8b frá Skipulagsstofnun.



Borgarráð Reykjavíkur


Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 15. ágúst 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Hallveigarstígur 1

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn PARAS ehf. dags. 18. apríl 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2, Laugavegs- og Skólavörðustígsreits, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Í breytingunni felst að grafið er út á svæði á norðurhlíð byggingar sem verður með sama gólfkóta og kjallari. Svæðið verður útisvæði og hugsað sem setsvæði fyrir veitingaaðstöðu og sem aðgengi að utan og beint niður í kjallara og gert er ráð fyrir tröppu vestanmegin frá, samkvæmt uppdr. A arkitekta dags. 18. apríl 2018. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa ódags. Tillagan var auglýst frá 30. maí 2018 til og með 11. júlí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: 20 íbúar og rekstraraðilar að Skólavörðustíg 4A/B, 4C, 6B, 8 og 10 og Ingólfsstræti 5, 7A og 7B, dags. 4. júní 2018, Erna Valdís Valdimarsdóttir, Davíð Örn Arnarson og Katrín Ásta Gísladóttir dags. 7. og 8. júlí 2018, Ragnheiður Torfadóttir dags. 7. júlí 2018 og Edda Björgvinsdóttir dags. 11. júlí 2018. Einnig er lagt fram bréf/athugasemd Arnars Bgs. 2. ágúst 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2018 ásamt uppdrætti A arkitekta ehf. dags. 18. apríl breyttur 10. ágúst 2018.

*Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2018.
Vísan til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson


Fylgiskjöl: uppdr. A arkitekta dags. 18. apríl 2018, breyttur 10. ágúst 2018, samþykki meðlóðarhafa ódags, innsendar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2018

REYKJAVÍKURBORG, LAUGAVEGS- OG SKÓLAVÖRÐUSTÍGSREITIR DEILISKIPULAGSBREYTING SEPTEMBER 2017

REITUR 1.171.2

SKÝRINGAR:

- IN HÖFUÐ DEILISKALEIÐIR/ÞRÓGAN
- IN VINGJANDEGGIR/ÞRÓGANIR/ÞRÓGANIR/ÞRÓGANIR
- IN HLETTAN/ÞRÓGANIR
- IN SVÍÐUR/ÞRÓGANIR
- IN HÖNUNARSTÍÐ/ÞRÓGANIR
- IN HÖNUNARSTÍÐ/ÞRÓGANIR
- IN HÖNUNARSTÍÐ/ÞRÓGANIR
- IN HÖNUNARSTÍÐ/ÞRÓGANIR
- IN HÖNUNARSTÍÐ/ÞRÓGANIR
- IN HÖNUNARSTÍÐ/ÞRÓGANIR



HLUTLÍK BÍLDRANDI DEILISKALEIÐAR: M. 1:500 - SAMMYKETT Í BÍLDRANÁLIÐ 8. 10. 2002

TILLAGA AÐ BÍLDRANDI DEILISKALEIÐAR: M. 1:500

SKILMÁLAR:




| SKÝRINGAR | ÁRJA | HÖNUNARSTÍÐ | SVÍÐUR | DEILISKALEIÐIR |
|-----------|------|-------------|--------|----------------|
| 1.171.2 | 1997 | 3352 | 112 | 2002 |
| 1.171.3 | 1997 | 3352 | 112 | 2002 |

BREYTING Á DEILISKIPULAGI:

GREININGARLEIÐ:
 Breytingin hefur aðallega átt við að breyta stærð og myndni byggingarinnar samt séu með sameiginlegum hliðum og veggum. Svæðið hefur verið átt við að breyta stærð og myndni byggingarinnar samt séu með sameiginlegum hliðum og veggum. Svæðið hefur verið átt við að breyta stærð og myndni byggingarinnar samt séu með sameiginlegum hliðum og veggum.



SKÝRINGAMYNDIR:



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur
Björn Axelsson skipulagsfulltrúi

Við undirrituð förum fram á það að auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2, Laugavegs- og Skólavörðustígsreits, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg verði ekki samþykkt.

Við gerum ráð fyrir því að fyrirhugaður útiveitingastaður tengist veislusölum í kjallara Hallveigarstígar 1 og okkur finnst skorta allar upplýsingar um eðli fyrirhugaðrar starfsemi. Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Kjartani Ágústssyni hjá skipulagsfulltrúa Reykjavíkur liggur ekki fyrir á þessari stundu hverskonar starfsemi verður rekin í rýminu, þ.e.a.s. umsækjandi hefur ekki skilað inn rekstrarbeiðni til embættisins, en heimilað er að reka verslun, þjónustu, skrifstofur og gististarfsemi í rýminu/kjallaranum. Okkur finnst nauðsynlegt að óvissu um framtíðarstarfsemi í húsnæðinu sé eytt áður en breytingartillagan verður tekin til meðferðar.

Í lýsingu á breytingunni segir þó: “Í breytingunni felst að grafið er út á svæði á norðurhlið byggingar sem verður með sama gólfkóta og kjallari. Svæðið verður útisvæði og hugsað sem setsvæði fyrir veitingaaðstöðu og sem aðgengi að utan og beint niður í kjallara og gert er ráð fyrir tröppu vestanmegin frá”. Ekki hefur verið mikil truflun af rekstri rekstri veislusalanna í kjallaranum, öðru horu ber þó á reykjandi og drekkandi háværum gestum á bílastæðareitnum, og með tilkomu útiveitingaaðstöðu og breyttum inngangi mun ástandið snar ersna og fleira fólk verða utandyra að kvöldi og nóttu til með því háreisti og ónæði sem fylgir drukknun fólki og pirra íbúa þessa svæðis gríðarlega mikið.

Undirrituðum finnst engin knýjandi nauðsyn til að koma upp veitingastað á þessum stað því nú þegar eru níu veitingastaðir fyrir á reitnum og sá tíundi á leiðinni og í næsta nágrenni við reitinn er einnig fjöldi veitingastaða. Tilfinning okkar er sú að margskonar starfsemi önnur væri þarfari okkur sem hér búum og störfum.

Allt í kringum fyrirhugaðan útiveitingastað er íbúabyggð. Íbúabyggð í nágrenni við Laugaveg hefur lengi verið ógnað með fjölda króa og skemmtistaða sem margir hverjir eru með útiveitingaaðstöðu. Nábýli við slíka staði hefur löngum verið erfitt vegna ónæðis og mörg dæmi eru um flótta nágretta sem hafa verið í nábýli við slíka staði. Nokkur dæmi eru um að íbúar við Ingólfsstræti hafi flúið enda eru níu veitingastaðir á stuttum kafla, frá Hverfisgötu að Amtmannsstíg, og eru tveir þeirra með útiaðstöðu sem hefur valdið miklu ónæði í hverfinu.

Þegar reglur um kvóta á veitingastaði á Laugavegi tóku gildi gripu menn til þess bragðs að opna veitingastaði í hliðargötum, oft í nágrenni við íbúabyggð sem hefur hopað undan þessum ágangi. Nú er mál að linni og skorum við því á Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur að hafna þessari breytingu.

Kær kveðja

Edda Björgvinsdóttir
Skólaörðustígur 6b
101 Reykjavík

USK Skipulag

Frá: ernav@mmedia.is
Sent: 7. júlí 2018 11:01
Til: USK Skipulag
Afrit: dicelandv@gmail.com
Efni: Hallveigarstígur 1, athugasemdir v. deiliskipulags

Ágæti viðtakandi Langar að gera athugasemdir við tillögu að fyrirhugaðri breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2, Laugavegs- og Skólavörðustígsreits, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Þar sem enn er ekki vitað hversu umfangsmikil veitingastarfsemi verður í kjallaranum, s.s. varðandi opnunartíma, er erfitt að sjá fyrir sér (heildar)áhrif á lífsgæði íbúa í nágrenninu. Hávaðamengun verður að öllum líkindum mikil þar sem kliður, samtöl og hljómlist bergmálar þarna auðveldlega vegna hárra húsa umhverfis. Við þurfum nú þegar að búa við allnokkurn hávaða og ónæði frá nærliggjandi krám og veitingastöðum svo ekki sé talað um alla vöruflutninga og eril vegna verslunarinnar Bónuss. Mun umrædd breyting og hafa mikil áhrif á aðgengi að bílastæði/um sem er vægast sagt erfitt eins og staðan er núna. Mikil fjölgun ferðamanna hefur haft það með sér að það er stöðugur straumur fólks í nágrenninu og finnst okkur ekki á það bætandi með opnun veitingastaðar á þessum stað. Einnig fylgir svona rekstri iðulega ónæði frá drukknu fólki sem gerir jafnvel þarfir sínar í nærliggjandi görðum og lóðum auk hávaða frá þeim. Meðan á framkvæmdum stendur verður verulegt rask og ónæði, ekki síst finnum við fyrir því sem íbúar í kjallara. Reynslan sýnir að frekar sjaldgæft er að verklok standist. Að lokum vil ég minnst á að starfsemi sem þessi getur haft áhrif á verð og seljanleika fasteigna. Að vera umkringdur háværra starfsemi, nánast allan sólarhringinn, alla daga nema á jólanótt... er varla eftirsóknarvert. Með fyrirfram þökk og kveðju Erna Valdís Valdimarsdóttir, 240157-2849 Ingólfsstræti 7b, 101 Rvk Að auki skrifa aðrir íbúar undir þessar athugasemdir: Davíð Örn Arnarson, 310876-3999 Katrín Ásta Gísladóttir, 070390-2809

USK Skipulag

Frá: Erna Valdimarsdóttir <ernavava@gmail.com>
Sent: 8. júlí 2018 03:06
Til: USK Skipulag
Afrit: ernav
Efni: Hallveigarstígur 1, aths. v. deiliskipulags

Ágæti viðtakandi

Langar að gera athugasemdir við tillögu að fyrirhugaðri breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2, Laugavegs- og Skólavörðustígsreits, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg.

Þar sem enn er ekki vitað hversu umfangsmikil veitingastarfsemi verður í kjallaranum, s.s. varðandi opnunartíma, er erfitt að sjá fyrir sér (heildar)áhrif á lífsgæði íbúa í nágrenninu.

Hávaðamengun verður að öllum líkindum mikil þar sem kliður, samtöl og hljómlist bergmálar þarna auðveldlega vegna hárra húsa umhverfis. Við þurfum nú þegar að búa við allnokkurn hávaða og ónæði frá nærliggjandi krám og veitingastöðum svo ekki sé talað um alla vöruflutninga og eril vegna verslunarinnar Bónuss.

Mun umrædd breyting og hafa mikil áhrif á aðgengi að bílastæði/um sem er vægast sagt erfitt eins og staðan er núna. Mikil fjölgun ferðamanna hefur haft það með sér að það er stöðugur straumur fólks í nágrenninu og finnst okkur ekki á það bætandi með opnun veitingastaðar á þessum stað.

Einnig fylgir svona rekstri iðulega ónæði frá drukknu fólki sem gerir jafnvel þarfir sínar í nærliggjandi görðum og lóðum auk hávaða frá þeim.

Meðan á framkvæmdum stendur verður verulegt rask og ónæði, ekki síst finnum við fyrir því sem íbúar í kjallara. Reynslan sýnir að frekar sjaldgæft er að verklok standist.

Að lokum vil ég minnst á að starfsemi sem þessi getur haft áhrif á verð og seljanleika fasteigna. Að vera umkringdur háværrí starfsemi, nánast allan sólarhringinn, alla daga nema á jólanótt... er varla eftirsóknarvert.

Með fyrirfram þökk og kveðju

Erna Valdís Valdimarsdóttir, [240157-2849](tel:240157-2849)
Ingólfsstræti 7b, 101 Rvk

Að auki skrifa aðrir íbúar undir þessar athugasemdir:
Davíð Örn Arnarson, [310876-3999](tel:310876-3999)
Katrín Ásta Gísladóttir, [070390-2809](tel:070390-2809)

USK Skipulag

Frá: Ragnheidur Torfadottir <ragnheidur.torfadottir@gmail.com>
Sent: 7. júlí 2018 16:10
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemdir við tillögu um breytingu á Hallveigarstíg 1

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Björn Axelsson skipulagsfulltrúi

Ég undirrituð, íbúi og eigandi hússins Ingólfsstræti 14, sem er gegnt Hallveigarstíg 1, fer fram á að auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg verði ekki samþykkt.

Í bréfi frá Umhverfis- og skipulagssviði, dags. 4. júní sl., segir: “Í breytingunni felst að grafið er út á svæði á norðurhlið byggingar sem verður með sama gólfkóta og kjallari. Svæðið verður útsvæði og hugsað sem setsvæði fyrir veitingaaðstöðu og sem aðgengi að utan og beint niður í kjallara og gert er ráð fyrir tröppu vestanmegin frá”.

Í bréfinu voru ekki veittar upplýsingar um eðli fyrirhugaðrar veitingastarfsemi á Hallveigarstíg 1, en ljóst er að með útveitingaaðstöðu og breyttum inngangi mun umgangur um og við húsið gerbreystast. Ef opið verður fram eftir kvöldi og nóttu á stað með vínveitingaleyfi, verður fleira fólk utan dyra með háreysti og ónæði sem fylgir drukknunni fólk. Vart þarf að taka fram að varhugavert væri að heimila breytinguna meðan einhver óvissa er um framtíðarstarfsemi í húsnæðinu.

Nú þegar eru níu veitingastaðir fyrir á reitnum, og í næsta nágrenni við reitinn er einnig fjöldi veitingastaða. Margs konar starfsemi önnur væri þarfari okkur sem hér eigum heima.

Íbúabyggð er allt í kringum fyrirhugaðan útveitingastað. Íbúum í nágrenni við Laugaveg hefur lengi verið ógnað með fjölda kráa og skemmtistaða sem margir hverjir eru með útveitingaaðstöðu. Nábylí við slíka staði hefur löngum verið erfitt vegna ónæðis og mörg dæmi eru um flótta fólks sem hefur verið í nábylí við slíka staði. Nokkur dæmi eru um að íbúar við Ingólfsstræti hafi flúið, enda eru níu veitingastaðir á stuttum kafla, frá Hverfisgötu að Amtmannsstíg, og eru tveir þeirra með útiáðstöðu sem hefur valdið miklu ónæði í hverfinu.

Rekstur þessara mörgu vínveitingastaða veldur íbúum ekki aðeins miklu ónæði sökum hávaða, heldur fylgir honum einnig margvíslegur sóðaskapur, m.a. brotnar flöskur, bjórglös og -dósir, sem fleygt er á götur og gangstéttir og inn fyrir garðveggi við íbúðarhús, ælur og hland á götur, húsveggi og glugga. Ófögur sjón

mætir mér þegar ég kem út í minn garð. Þar má iðulega sjá flöskur, dósir og annars konar umbúðir, sem fleygt hefur verið yfir garðvegginn. Ekki er á það bætandi.

Þegar reglur um kvóta á veitingastaði á Laugavegi tóku gildi gripu menn til þess bragðs að opna veitingastaði í hliðargötum, oft í nágrenni við íbúabyggð sem hefur hopað undan þessum ágangi. Útveitingastaður á Hallveigarstíg 1 færir ónæðissama veitingastarfsemi enn innar í íbúðahverfi og þann hluta Ingólfsstrætis sem enn er að mestu íbúðabyggð. Starfsemi af þessu tagi rýrir að sjálfsögðu verðgildi húss míns og annarra í grenndinni og torveldar sölu þeirra.

Nú er mál að linni og skora ég því á Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur að hafna þessari breytingu.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Torfadóttir

kt. 010537-2239

Ingólfsstræti 14

101 Reykjavík

Sími: 5512161

Varðar: Hallveigarstígur 1, deiliskipulagsbreyting

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn PARAS ehf. dags. 18. apríl 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2, Laugavegs- og Skólavörðustígsreits, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Í breytingunni felst að grafið er út á svæði á norðurhlíð byggingar sem verður með sama gólfkóta og kjallari. Svæðið verður útisvæði og hugsað sem setsvæði fyrir veitingaaðstöðu og sem aðgengi að utan og beint niður í kjallara og gert er ráð fyrir tröppu vestanmegin frá, [samkvæmt uppdr. A arkitekta dags. 18. apríl 2018](#). Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa ódags. Tillagan var auglýst frá 30. maí 2018 til og með 11. júlí 2018.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: 20 íbúar og rekstraraðilar að Skólavörðustíg 4A/B, 4C, 6B, 8 og 10 og Ingólfsstræti 5, 7A og 7B, dags. 4. júní 2018, Erna Valdís Valdimarsdóttir, Davíð Örn Arnarson og Katrín Ásta Gísladóttir dags. 7. og 8. júlí 2018, Ragnheiður Torfadóttir dags. 7. júlí 2018 og Edda Björgvinsdóttir dags. 11. júlí 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júlí 2018 og er nú lagt fram að nýju.



Mynd 1. Loftmynd af skipulagssvæðinu og aðliggjandi lóðum

Eftirtaldir aðilar gerðu athugasemdir við grenndarkynninguna

20 íbúar og fasteignaeigendur, dags 4. júní 2018.

- Óska eftir frekari upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi
- Óska eftir að kynningarsvæði sé stækkað.

Ragnheiður Torfadóttir dags. 7. júlí 2018

- Eigandi Ingólfsstræti 14. Íbúðin er gegnt Hallveigarstíg 1.
- Fer fram á að tillaga verði ekki samþykkt.
- Vantar upplýsingar um eðli veitingastafsemi.
- Hávaði, ónæði og drasl fylgir starfseminni.
- Nú þegar eru 9 veitingastaðir á svæðinu.
- Íbúabyggð verður fyrir röskun vegna útveitinga, hávaða.
- Starfsemi rýrir verðigildi íbúða

Erna Valdís Valdimarsdóttir ásamt Davíð Erni Arnarsyni og Katrínu Ástu Gísladóttur dags 7. júlí 2018

- Íbúar/Eigendur Ingólfsstrætis 7b, suður hlið hússins snýr beint að fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.
- Erfitt að sjá fyrir heildar áhrif breytingarinnar á lífsgæði íbúa þar sem ekki er enn vitað hversu umfangsmikil veitingastarfsemin í kjallaranum verður.
- Hávaðamengun líkleg og bergmál vegna útveitingasvæðis.
- Mun hafa áhrif á bílastæða aðgengi.
- Ónæði mun fylgja framkvæmd framkvæmdinni, sérstaklega fyrir íbúa kjallarans.
- Starfsemi rýrir verðigildi íbúða

Edda Björgvinsdóttir dags. 11. júlí 2018.

- Skólavörðustígur 6b
- Óska eftir að breyting á deiliskipulagi sé ekki samþykkt.
- Skortur á upplýsingum um eðli fyrirhugaðrar starfsemi.
- Með tilkomu útveitingaaðstöðu og nýjum inngangi mun frekari hávaði og röskun fylgja.
- Engin knýjandi nauðsyn til að koma upp veitingastað á þessum stað því nú þegar eru níu veitingastaðir fyrir á reitnum og sá tíundi á leiðinni, einnig margir veitingastaðir í nágrenninu.

Efnislegar athugasemdir sem bárust eru í meginatriðum eftirfarandi:

1. Athugasemd um stækkað kynningarsvæði.

Svar: Tillagan var auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og birtist eftirfarandi auglýsing í Fréttablaðinu 30. maí sl.

Hallveigarstígur 1

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. maí 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 17. maí 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2, Laugavegs- og Skólavörðustígsreits, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Í breytingunni felst að grafið er út á svæði á norðurhlið byggingar sem verður með sama gólfkóta og kjallari. Svæðið verður útsvæði og hugsað sem setsvæði fyrir veitingaaðstöðu og sem aðgengi að utan og beint niður í kjallara og gert er ráð fyrir tröppu vestanmegin frá. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.



Með umræddri auglýsingu var öllum þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefin kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar á auglýsingatíma skipulagsins.

Samhliða auglýsingu á tillögunni var einnig sent bréf dags. 4 júní sl. til íbúa og hagsmunaaðila í næsta nágrenni þess svæðis sem deiliskipulagstillagan náði yfir (sjá 2. mynd) til upplýsingar og vakin sérstök athygli á auglýstri tillögu. Umrædd bréfasending er umfram lagaskildu en auglýsing á tillögu að deiliskipulagi telst fullnægjandi ef hún uppfyllir ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



2. Svæði sem fékk sent bréf

2. Athugasemd um röskun/hávaða/rusl áhrif vegna veitingastarfsemi í húsinu og vegna útiveitingasvæðis.

Svar: Efni deiliskipulagstillögunnar varðar ekki starfsemi í húsinu heldur beiðni umsækjanda að gera breytingar innan lóðamarka lóðar Hallveigarstígs 1 og hanna niðurgrafið útisvæði. Embætti skipulagfulltrúa mat breytinguna sem jákvæða fyrir svæðið, sem í dag einkennist af lokaðri götuhlið til norðurs og óspennandi landslagshönnun.

Landnotkun við Hallveigarstíg 1 er M1C sem heimilar nú þegar fjölbreytta atvinnustarfsemi sem samrýmist miðborgarbyggð, þ.á.m. veitingastarfsemi. Fasteignin er innan svæðið í miðborginni þar sem skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 gilda takmarkaðar vinnveitingaheimildir, þ.e.a.s. heimilað að reka veitingastað í flokki I – III, þó með takmarkaðan opnunartíma til klukkan 23:00 virka daga og 01:00 um helgar. Í rekstrarleyfi veitingastaða má heimila útiveitingasvæði, þó ekki lengur en til klukkan 22:00. Hagnýting rýmis við Hallveigarstíg getur ekki verið umfram tilgreindar heimildir.

Athugasemdir vegna röskunar og hávaða vísast til heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, sem fer með eftirlit hollustuhátta í borginni og gefur út starfsleyfi vegna starfsemi veitingastaða.

Hafa ber í huga að viðkomandi starfsemi er háð ákveðnu mati eftirlits við endurnýjun leyfis/útgáfu leyfis, t.a.m.

eru grenndaráhrif veitingastaða á nærliggjandi byggð metin og almennt þarf að huga að byggingarlegum forsendum og heilbrigðissjónarmiðum. M.ö.o. að ákvæði um mögulega endurnýjun leyfis/útgáfu leyfis samkvæmt aðalskipulagi tryggir ekki eitt og sér að leyfi verði gefið út eða endurnýjað.

3. Athugasemdir vegna bílastæða.

Svar: Ekki er talin þörf á sérstökum aðgerðum vegna bílastæða enda gerir tillagan ekki ráð fyrir fækkun þeirra, né aukningu á byggingarmangi eða breytingu á hagnýtingu fasteignarinnar. Tillagan varðar einungis skipulagningu og hönnun útisvæðis við norðuhluta byggingarinnar. Bílastæðahús sem er staðsett austanmegin við húsið hefur þjónustað starfsemi þess og mun halda því áfram.

4. Athugasemdir vegna mögulegri rýrnun fasteignaverðs í nágrenni hússins.

Svar: Telji eigandi fasteignar að Reykjavíkurborg hafi með stjórnvaldsákvörðun valdið honum tjóni umfram aðra þá er vakin athygli á 51. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem er kveðið svo á um að valdi gildistaka skipulagsáætlana því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún rýrnar svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða ríkissjóði eftir atvikum vegna landsskipulagsstefnu eða að sveitarsjóður leysi fasteignina til sín. Verðmæti fasteignarinnar verða að skerðast meira heldur en almennt gerist á skipulagssvæðinu. Kröfu um bætur skal beint að sveitafélaginu sem tekur afstöðu til kröfunnar þegar og ef hún berst.


Niðurstaða:

- Lagt er til að tillagan sé samþykkt eftir grenndarkynningu, með þeirri breytingu að bætt er við texta í skilmála þess efnis að óheimilt sé að byrgja fyrir glugga, t.d. með filmum.
- Ítrekað eru fyrri ábendingar embættis Skipulagsfulltrúa að færsla á lögnum vegna framkvæmdarinnar þarf að vinna í samráði við Veitur og greiðist að fullu af umsækjanda.


f.h.

Skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Jón Kjartan Ágústsson skipulagsfræðingur, verkefnastjóri.



4. Svæðið sem tillaga varðar



5. Svæðið sem tillaga varðar



5. Þrívíddarmynd úr skipulagstillögu

Veitingastaðir á lðnaðarmannareit

Ingólfsstræti, Bankastræti, Skólavörðustígur og Hallveigarstígur. lðnaðarmannareitur. Ferningur ca 50m á kant með eftirtöldum veitingastöðum í götunum við reitinn

Ingólfsstræti

Nr. 3 - Danska kráin
Krá og næturklúbbur. Var áður málningarverslun

Nr. 4 – Reykjavík Street Food
Skyndibitastaður

Nr. 6. Spænska kráin
Krá. Var áður verslun

Bankastræti

Nr. 7a – Kaffi Sólon
Kaffihús, skemmtistaður og næturklúbbur. Var áður málningarverslun

Nr. 12 - Prikið
Kaffihús, skemmtistaður og næturklúbbur. Var áður áfengislaust kaffihús sem lokaði kl. 18

Nr 14 – Subway
Skyndibitastaður sem er opinn fram undir morgun. Var áður fataverslun

Nr 14 – Deli
Skyndibitastaður.

Nr 14 – Session Craft Bar
Bjórkrá. Var áður hárgreiðslustofa

Laugavegur

Nr. 2 - Kofi Tómasar frænda
Kaffihús, skemmtistaður og næturklúbbur. Var áður kjötbúð

Nr 2 - Sakebarinn
Veitingastaður með vínveitingum. Var áður íbúð

Skólavörðustígur

Nr. 2 – Eldur og ís
Skyndibitastaður. Var áður gullsmiðja

Nr. 3 - Mokka
Kaffihús

Nr. 8 – Núðluskálinn
Skyndibitastaður. Var áður gullsmiðja

Nr. 8 – Ostabúðin
Veitingastaður með vínveitingum

Nr. 8 – Block Burger
Veitingastaður

Nr. 10 – Kaffifélagið
Kaffihús

Bergstaðastræti

Nr. 10a - Kattakaffihúsið
Kaffihús

17 veitingastaðir alls á upp 2500 m²

Hallveigarstígur

Hallveigarstígur 1 er svo nýjasta viðbótin. Þar hafa verið reknið veislusalir fyrir einkasamkvæmi en nú virðist einhver eðlisbreyting í uppsiglingu en rekstraraðilinn hefur ekki sent in neina rekstrarbeiðni og er því óvíst hvers eðlis reksturinn verður.



COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME
EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS

FOURTH SECTION

CASE OF MORENO GÓMEZ v. SPAIN

(Application no. 4143/02)

JUDGMENT

STRASBOURG

16 November 2004

FINAL

16/02/2005

This judgment will become final in the circumstances set out in Article 44 § 2 of the Convention. It may be subject to editorial revision.

In the case of Moreno Gómez v. Spain,

The European Court of Human Rights (Fourth Section), sitting as a Chamber composed of:

Sir Nicolas BRATZA, *President*,

Mr M. PELLONPÄÄ,

Mr J. CASADEVALL,

Mr S. PAVLOVSKI,

Mr J. BORREGO BORREGO,

Mrs E. FURA-SANDSTRÖM,

Ms L. MIJOVIC, *judges*,

and Mr M. O'BOYLE, *Section Registrar*,

Having deliberated in private on 29 June and 26 October 2004,

Delivers the following judgment, which was adopted on the last-mentioned date:

PROCEDURE

1. The case originated in an application (no. 4143/02) against the Kingdom of Spain lodged with the Court under Article 34 of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms ("the Convention") by a Spanish national, Ms Pilar Moreno Gómez ("the applicant"), on 22 November 2001.

2. The applicant was represented by Mr Andrés Morey Navarro, of the Valencia Bar. The Spanish Government ("the Government") were represented by Mr Ignacio Blasco Lozano, Agent of the Government and Head of the Legal Department of the Human-Rights Office at the Ministry of Justice.

3. The applicant alleged a breach of her right to respect for her home, contrary to Article 8 of the Convention.

4. The application was allocated to the Fourth Section of the Court (Rule 52 § 1 of the Rules of Court). Within that Section, the Chamber that would consider the case (Article 27 § 1 of the Convention) was constituted as provided in Rule 26 § 1 of the Rules of Court.

5. By a decision of 29 June 2004 the Chamber declared the application admissible.

6. The applicant and the Government each filed observations on the merits (Rule 59 § 1).

7. On 14 September 2004 the applicant lodged a written reply to the Government's observations and her claim for just satisfaction. The Government did not lodge any comments on her claim.

THE FACTS

I. THE CIRCUMSTANCES OF THE CASE

8. The applicant was born in 1948 and lives in Valencia.

A. Background to the case

9. The applicant has lived in a flat in a residential quarter of Valencia since 1970.

10. Since 1974 the Valencia City Council has allowed licensed premises such as bars, pubs and discotheques to open in the vicinity of her home, making it impossible for people living in the area to sleep.

11. Local residents first complained about vandalism and noise in the locality before 1980.

12. In view of the problems caused by the noise, the Valencia City Council resolved on 22 December 1983 not to permit any more night clubs to open in the area. However, the resolution was never implemented and new licences were granted.

13. In 1993 the City Council commissioned a report by an expert. The expert found that the noise levels were unacceptable and exceeded permitted levels. At 3.35 a.m. on Saturdays they were in excess of 100 dBA Leq (decibels), ranging from 101 to 115.9 dBA Leq.

14. In a report of 31 January 1995 the police informed the Valencia City Council that nightclubs and discotheques in the sector in which the applicant lived did not systematically close on time. They said that they were able to confirm that the local residents' complaints were founded.

15. On 28 June 1996 the City Council approved a new bylaw on noise and vibrations, which was published on 23 July 1996 in the Official Gazette of Valencia province. Article 8 of the bylaw lays down that in a family residential area (such as the one in which the applicant lives) external noise levels were not to exceed 45 dBA Leq between 10 p.m. and 8 a.m. Article 30 of the bylaw defines "acoustically saturated zones" as areas in which the large number of establishments, activity of the people frequenting them and passing traffic expose local residents to high noise levels and cause them serious disturbance.

16. Lastly, the bylaw specified the conditions that had to be satisfied for an area to be designated an "acoustically saturated zone" (*zona acústicamente saturada*) and the consequences of designation, which included a ban on new activities (such as nightclubs and discotheques) that led to acoustic saturation.

17. Following a resolution of the Valencia City Council sitting in plenary session on 27 December 1996, which was published in the Official

Gazette of the Valencia province on 27 January 1997, the area in which the applicant lived was designated an acoustically saturated zone.

18. Nevertheless, on 30 January 1997 the City Council granted a licence for a discotheque to be opened in the building she lived in. The licence was subsequently declared invalid by a judgment of the Supreme Court of 17 October 2001.

19. In order to determine whether the area should be designated an acoustically saturated zone, the City Council took various sound-level readings to monitor acoustic pollution there. In each of its reports the City Council laboratory indicated that the noise levels exceeded those permitted by the bylaw.

B. Court proceedings

20. The applicant was exasperated by the situation, which prevented her from sleeping and resting and caused her insomnia and serious health problems. On 21 August 1997 she lodged a preliminary claim with the Valencia City Council in which she relied on Article 15 (right to life and to physical integrity) and Article 18 § 2 (right to the privacy and inviolability of the home). She sought 3,907 euros (650,000 pesetas) for the damage she had sustained and the cost of installing double glazing.

21. Having received no reply from the authorities and in accordance with the Fundamental Rights (Protection) Act (Law no. 62/1978), the applicant lodged an application for judicial review with the Valencia High Court of Justice on 25 November 1997, alleging a violation of Articles 15 and 18 § 2 of the Constitution.

22. On 2 October 1997 the Valencia City Council lodged its written observations. It submitted that the application was premature and should be declared inadmissible, as the Council could still find a solution. This preliminary objection was dismissed in a decision of 27 October 1997.

23. On 11 December 1997 the representative of state council's office argued that the court should find in favour of the applicant. He considered that there had been a violation of Articles 15 and 18 § 2 of the Constitution and that the applicant's claim for damages was justified.

24. In a judgment of 21 July 1998, delivered after an adversarial hearing in public, the Valencia High Court of Justice dismissed the application for judicial review. It found that the readings had been taken in the entrance hall to the building, not in the applicant's flat, and could not entail a violation of Articles 15 and 18 § 2 of the Constitution; it also noted that the medical expert's report stated only that the applicant had been receiving treatment for insomnia for several years, without indicating the length of or reason for such treatment.

25. On 9 October 1998 the applicant lodged an *amparo* appeal with the Constitutional Court. Relying on Articles 14 (equality) and 24 (right to a fair hearing) of the Constitution, she complained that the High Court of

Justice had not given sufficient reasons in its judgment or assessed the evidence. She also complained under Articles 15 and 18 § 2 of the Constitution of a violation of her rights to life, physical and mental integrity, privacy and the inviolability of the home.

26. In a decision of 29 May 2000, the Constitutional Court declared the *amparo* appeal admissible and invited the applicant, the representative of state council's office and the Valencia City Council to submit their observations. On the same day, it summoned the parties to a hearing on the merits on 16 May 2001.

27. At the hearing on 16 May 2001, which was attended by all the parties, the applicant repeated her factual and legal submissions, stressing that there had been a violation of her fundamental rights.

